



303. fundur

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar hélt fund fimmtudaginn 30. janúar 2014 kl. 17:00 í fundarsal bæjarstjórnar í Ráðhúsinu.

Mætt voru:

Lárus Á. Hannesson forseti bæjarstjórnar, LÁH
Berglind Axelsdóttir, BA
Davíð Sveinsson, DS
Helga Guðmundsdóttir, HG
Gretar D. Pálsson, GDP
Íris Huld Sigurbjörnsdóttir, ÍHS
Guðlaug J. Ágústsdóttir, GJÁ
Gyða Steinsdóttir, bæjarstjóri GS
Þór Örn Jónsson, bæjarritari

Forseti bæjarstjórnar, Lárus Á. Hannesson, setti fund og stýrði.

Dagskrá:

1. Fundagerðir bæjarráðs.

1.1. Fundargerð bæjarráðs nr. 505, dags. 23.01.2014.

Fundargerð framlögð.

Liður 1 fundargerð æskulýðs- og íþróttanefndar dags. 15.01.14
Fundargerð framlögð. Liður 5 námskeiðið "Verndum þau". Samþykkt að kaupa námskeiðið. Námskeiðið verður opið öllum sem starfa með börnum og unglingum í Stykkishólmi. Fundargerð samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 2 fundargerð skipulags- og bygginganefnd 13. janúar 2014 - 167
Fundargerð framlögð.

Liður 2.1. Skúlagata 18 - Umsókn um rif á húsi og byggingarleyfi fyrir nýju.

Ólöf S. Valdimarsdóttir kt:240649-339 óskar eftir að fjarlægja/rífa Skúlagötu 18 og annað sem tilheyrir húsinu, ef sökklar og veggir undir 1. hæð teljast heilir eftir úttekt og rif fá þeir að standa eftir, en ef þeir reynast illa farnir verða þeir líka fjarlægðir og byggðir upp að nýju. Byggt verður upp nýtt hús á staðnum samkvæmt uppdráttum frá Argos arkitektastofu dags: 15.mars.2008 með breytinga dags. 09.01.2014 þar sem viðbyggingu fyrir aftan hús er stækkuð, þak hækkað og kvistum bætt við. Gamla húsið hefur verið lækkað í landinu sem nemur alls 31.0 cm, 1. hæðin um 12.0 cm en kjallarinn um 19.0 cm eða alls 31.0 cm. Mænishæð er sama og í grenndarkynningu. Umsögn Minjastofnunar Íslands liggur fyrir og það er ekki gerð athugasemd við að húsið verði rífið og byggt upp að nýju sk. fyrirbyggjandi teikningum Argos ehf. Grenndarkynning hefur verið framkvæmd samkv. 165. fundi í skipulags- og byggingarnefnd, frá 3.des.2013 og rann frestur út 2.jan.2014, engar athugasemdir bárust.



Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir erindið og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að gefa út byggingarleyfi að uppfylltum skilyrðum sbr. gr. 2.4.4. í byggingarreglugerð 112/2012 með síðari breytingum.

Vegna nýrra framkominna gagna vísar bæjarráð erindinu aftur til skipulag-og bygginganefndar.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 2.2. Silfurgata 15 - endurnýjun á stoðvegg.

Þorsteinn Kúld Björnsson kt:240963-5159 sækir um endurnýjun á stoðvegg samkv. uppdrætti frá Verkfræðistofu Þráins og Benedikts kt:090638-4839 dags. des.2013. Samþykki meðeiganda Silfurgötu 15 liggur fyrir.

Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir erindið og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að gefa út byggingarleyfi að uppfylltum skilyrðum sbr. gr. 2.4.4. í byggingarreglugerð 112/2012 með síðari breytingum.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 2.3. Silfurgata 15 - nýtt lóðarblað vegna stækkunar á lóð

Eftir grenndarkynningu sem óskað var eftir á 164. fundi í skipulags og byggingarnefnd, dags. frá 19.nóv. til 20.des. 2013 kom ein athugasemd við lóðarstækkun dagsett 19.des.2013.

Skipulags- og byggingarnefnd felur skipulags- og byggingarfulltrúa að gera smá breytingu á lóðarblaði og skipulags- og byggingarfulltrúa að svara athugasemdum.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 2.4. Laufásvegur 1 - Umsókn um byggingarleyfi fyrir breytingu á húsnaði.

Aðalheiður Atladóttir kt: 120975-5879 fyrir hönd Grétu Sigurðardóttir kt:170547-7999 sækir um breytingu inni og úti á húsnaði að Laufásvegi 1. Skipulagi á rishæð er breytt, en aðrar hæðir óbreyttar. Tveimur kvistum bætt við. Inngangi breytt og gluggum á rishæð skipt út og bætt við. Mænishæð óbreytt. Samkv. uppdráttum frá a2f arkitektum dags:10.01.2014.

Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir erindið og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að gefa út byggingarleyfi að uppfylltum skilyrðum sbr. gr. 2.4.4. í byggingarreglugerð 112/2012 með síðari breytingum. Með fyrirvara um grenndarkynningu fyrir Laufásvegi 3, 4 og 6 og Skúlagötu 24.



Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt með fyrirvara um að engin athugasemd komi við grenndarkynningu.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 2.5. Skúlagata 15 - sjóvarnargarður - Framkvæmdarleyfi Stykkishólmsbær kt:620269-7009 óskar eftir framkvæmdaleyfi fyrir sjóvarnargarð við Skúlagötu 15 samkv. fylgigögnum.

Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir erindið og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að gefa út framkvæmdarleyfi.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 2.6 göngustígar í Stykkishólmi - Framkvæmdaleyfi Framkvæmdaleyfi - 299. fundur Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar - Göngustígar. Tillaga um að fyrsti áfangi verði frá enda gangstéttar til móts við Búðanesveg og upp að Hamraendum suðvestan Þjóðveggar. Minjastofnun Íslands og Vegagerðin hafa skilað inn umsögnum, athugasemdir bárust frá Vegagerðinni.

Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir erindið og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að gefa út framkvæmdarleyfi fyrir núverandi 1. og 2. áfanga. En jafnframt verði gerður heildar uppdráttur sem sýnir núverandi göngustíga og reiðstíga og framtíðarskipulag göngustíga og reiðstíga í landi Stykkishólms. Í framhaldi af því breyta aðalskipulagi með göngustígum inn á svo það sé komið framtíðarskipulag á göngustíga og reiðstíga í Stykkishólmsbæ sem hægt er að vinna eftir í áföngum.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt með áorðnum breytingum.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 2.7. Dósamóttakan í Stykkishólmi Birgir Jónsson kt: 121141-2999 óskar eftir tímabundnum afnotarétti af landi fyrir dósamóttökuna við Nesveg 9 og 9a samkvæmt skissu dags: 07.jan.2014 þar til deiliskipulag af svæðinu liggur fyrir.

Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir erindið, þar sem um er að ræða umhverfisvæna þjónustu fyrir bæjarfélagið. Leyfið verði veitt þar til framtíðar móttökustaður finnst innan bæjarmarka eða þar til svæðið verður deiliskipulagt. Rúnar vék af fundi vegna tengsla.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt. Gretar sat hjá vegna tengsla.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt. Gretar sat hjá vegna tengsla.

Til máls tóku: LÁH og DS



Liður 2.8. tölvupóstur með ósk um að götuhalli Víkurgötu verði lagfærður og setja handrið fyrir gangandi umferð.
Skipulags- og byggingarnefnd felur skipulags- og byggingarfulltrúa að láta gera uppdrátt af svæðinu, koma með tillögu að úrlausn.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Fundargerð samþykkt.

Liður 14 bréf Þróunarfélags Snæfellinga ehf. dags. 06.01.14 varðandi jarðhita til heilsutengdrar ferðaþjónustu.
Framlagt. Bæjarráð tekur jákvætt undir tillögur um nýtingu jarðvarma til heilsutengdrar ferðaþjónustu.

Til máls tók:LÁH

Liður 20 bréf frá Sýslumanni Snæfellinga dags. 10.01.14 varðandi afskrift á ógreiddu útsvari.
Samþykkt að afskrifa útsvar að upphæð kr. 4.874

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 21 bréf SSV dags. 30.12.13 varðandi tilnefningu sveitarfélaga á Snæfellsnesi í faghóp á bak við menningarsamning og menningarfulltrúa.
Samþykkt að tilnefna Dagbjörtu Höskuldsdóttur sem aðalmann og Margréti Björk Björnsdóttur sem varamann.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tóku:GS,GDP og LÁH

Liður 22 bréf til forsvarsmanna sveitarfélaga frá Gylfa Arnbjörnssyni forseta ASÍ, dags. 13.01.14 varðandi gjaldskrárhækkanir.
Bæjarráð mun endurskoða gjaldskrár sínar ef forsendur breytast verulega. Bæjarstjóra falið að svara bréfinu.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 23 reglur félagsmálanefndar Snæfellinga um málsmeðferð barnaverndarmála og framsal valds, dags. 30.12.13.
Reglur samþykktar.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 24 Invitation for the 34th International Hanseatic Day in Lubeck, 22-25 May 2014.
Bæjarstjórn afþakka gott boð og bæjarstjóri svarar bréfinu.



Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tók: LÁH

Liður 25 bréf Alta, dags. 20.01.14 varðandi tillögu stýrihóps um stofnun svæðisgarðs, hlutverk, stjórnun og starfsemi.

Bæjarráð samþykkir að taka þátt í stofnun Svæðisgarðs Snæfellsness.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tóku: LÁH og GDP

Liður 26 bréf NKG verkefnalaussnir dags. 20.01.14 varðandi ósk um framlag í formi hvatningar og styrks

Erindinu vísað til skólanefndar.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 27 tillaga Helgu Guðmundsdóttur og Lárusar Á. Hannessonar dags. 20.01.14 varðandi samstarfsviðræður við Eyja- og Miklaholtshrepp varðandi samstarf í skólamálum

Tillaga Helgu og Lárusar varðandi mögulegt samstarf í skólamálum við Eyja- og Miklaholtshrepp.

Undirrituð leggja til að Sveitarstjórn Eyja- og Miklaholtshrepps verði boðið til viðræðna varðandi samstarf í skólamálum.

Greinargerð: Það er líklegt að með samstarfi þessara sveitarfélaga í skólamálum skapist ávinningur fyrir báða aðila bæði faglegur og rekstrarlegur. Samþætta verður skóla- og frístundastarf skólabarna í Stykkishólmi ef af þessu samstarfi verður.

Helga Guðmundsdóttir
Lárus Ástmar Hannesson

Tillaga samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tóku: LÁH og ÍHS

Liður 28 bréf Einars Gunnarssonar, dags. 14.01.14 varðandi leyfi frá störfum Samþykkt með tveimur atkvæðum að veita Einari Gunnarssyni launalaust leyfi frá 1. apríl 2014 til 31. júlí 2015. Gretar greiðir atkvæði á móti og vísar til fyrri tillögu og bókunar sinnar á endurskoðun á reglum um starfsleyfi hjá Stykkishólmsbæ.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt með fjórum atkvæðum gegn þremur. Gretar greiðir atkvæði á móti og vísar til fyrri tillögu og bókunar sinnar á endurskoðun á reglum um starfsleyfi hjá Stykkishólmsbæ.

Til máls tóku: allir



Liður 29 tölvupóstur Guðjóns Brjánssonar, dags.15.01.14 varðandi greiðslur fyrir sundferðir skjólstæðinga háls- og bakdeildar
Bæjarstjóra falið að svara Guðjóni Brjánssyni í samræmi við umræður.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tóku: GDP,GS og LÁH

Liður 30 málefni HVE í Stykkishólmi og vinnuhópur Stykkishólmsbæjar um málefni HVE.
Bæjarstjóra falið að afla frekari gagna.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tóku: GS,LÁH,GDP,DS,HG og BA

Fundargerð samþykkt.

Til máls tóku: ÍHS,GS,GDP og LÁH

2. Fundargerðir nefnda.

2.1 1401028 - Fundargerð æskulýðs- og íþróttanefndar, dags.15.01.14.

Fundargerð framlögð og samþykkt fyrir á fundinum.

2.2 1312004 - Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar, dags. 13.01.14.

Fundargerð framlögð og samþykkt fyrir á fundinum.

2.3 1311038 - Fundargerð stjórnar Dvalarheimilis Stykkishólms, dags. 03.12.13.

Fundargerð framlögð og samþykkt.

2.4 1401030 - Fundargerð þjónustuhóps aldraðra, dags. 16.01.14.

Fundargerð framlögð og samþykkt.

2.5 1401031 - Fundargerð stjórnar Dvalarheimilis Stykkishólms, dags. 13.01.14.

Fundargerð framlögð og samþykkt.

2.6 1401003 - Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar, dags. 27.01.14.

Fundargerð framlögð.

Liður 1 Skúlagata 18 - Umsókn um rif á húsi og byggingarleyfi fyrir nýju. Ólöf S. Valdimarsdóttir kt:240649-339 óskar eftir að fjarlægja/rífa Skúlagötu 18 og annað sem tilheyrir húsinu, ef sökklar og veggir undir 1. hæð teljast heilir eftir úttekt og rif fá þeir að standa eftir, en ef þeir reynast illa farnir verða þeir líka fjarlægðir og byggðir upp að nýju. Byggt verður upp nýtt hús á staðnum samkvæmt uppdráttum frá Argos arkitektastofu dags: 15.mars.2008 með breytinga dags. 09.01.2014 þar sem viðbyggingu fyrir aftan hús er stækkuð, þak hækkað og kvistum bætt við. Gamla húsið hefur verið lækkað í landinu sem nemur alls 31.0 cm, 1. hæðin um 12.0 cm en kjallarinn um 19.0 cm eða alls 31.0 cm. Mænishæð er sama og í grenndarkynningu. Umsögn Minjastofnunar Íslands liggur fyrir og það er ekki gerð athugasemd við að húsið verði rífið og byggt upp að nýju sk. fyrirbyggjandi teikningum Argos ehf. Grenndarkynning hefur



verið framkvæmd samkv. 165. fundi í skipulags- og byggingarnefnd, frá 3.des.2013 og rann frestur út 2.jan.2014, eitt bréf barst með athugasemdum. Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir erindið og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að gefa út byggingarleyfi að uppfylltum skilyrðum sbr. gr. 2.4.4. í byggingarreglugerð 112/2012 með síðari breytingum. Skipulags- og byggingarnefnd felur skipulags- og byggingarfulltrúa að leggja fram umsögn sbr. gr.5.9.4 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 um athugasemdir sem borist hafa eftir grenndarkynningu, þar sem um óverulega breytingu á skuggavarpi er milli núverandi húss og þess nýja.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Liður 2 Borgarbraut 8-8a - Hótel Stykkishólmur - Breyting v/brunavarna. Sverrir Hermannsson kt.130355-5019 sækir um fyrir hönd Hótel Stykkishólm kt. 630604-2510 breytingu á aðaluppdráttum v/brunavarna samkv. uppdráttum frá Verkfræðistofu Hauks Ásgeirssnar dags.07.12.2013 og brunahönnun frá VSI öryggishönnun og ráðgjöf dags. 06.12.2013. Umsagnir frá Heilbrigðiseftirliti Vesturlands og Vinnueftirliti liggja fyrir. Með umsókninni fylgir greinagerð merkt: Ástand brunavarna og áætlun um úrbætur dags. 10.01.2014 undirrituð fyrir hönd Hringhótel ehf af Sverri Hermannssyni. Erindi frestað á fundi 167. Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir erindið.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Liður 4 Frúarstígur 6 - Lóðarblað Stykkishólmsbær kt:620269-7009 leggur fram lóðarblað dags. 24.1.2014 fyrir Frúarstíg 6. Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir lóðarblað fyrir Frúarstíg 6.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Til máls tóku:GDP og GS

Fundargerð samþykkt.

3. Samningar/tilboð

- 3.1 1401038 – Samningur um sérfræðiþjónustu vegna landfræðilegrar upplýsinga.**
Samningur framlagður og samþykktur.

Til máls tóku:GDP og GS

4. Annað

- 4.1. 1401042 – Lántaka samkvæmt fjárhagsáætlun 2014.**

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga ohf. að fjárhæð 100.000.000 kr., í samræmi við samþykktu skilmála lánveitingarinnar sem liggja fyrir fundinum. Til tryggingar láninu standa tekjur



sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Er lánið tekið í tvennu lagi, annars vegar til að endurfjármagna hluta af afborgunum sveitarfélagsins til lánasjóðsins á árinu 2014 að fjárhæð 70.000.000 kr. og hins vegar til að fjármagna fjárfestingar á árinu 2014 í samræmi við fjárhagsáætlun að fjárhæð 30.000.000 kr., sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er Gyðu Steinsdóttur, kt. 040570-5199 veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Stykkishólmsbæjar að undirrita lánsamning við Lánasjóð sveitarfélaga ohf. sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari.

Til máls tóku:GS og LÁH

4.2. Beiðni bæjarstjóra um lausn frá störfum.

Lausnarbeiðni bæjarstjóra samþykkt, og mun Gyða Steinsdóttir bæjarstjóri hætta störfum 1. mars n.k. sem bæjarstjóri. Forseti bæjarstjórnar er falið að ganga frá starfslokum Gyðu.

Tillaga Gretars:

Leggur til að samið verði við bæjarritara Þór Örn Jónsson um að sinna störfum bæjarstjóra til loka kjörtímabilsins.

Samþykkt að vísa tillögu til næsta bæjarráðsfundar.

Til máls tóku:allir

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:20

Þór Örn Jónsson